

Ed.

40. Nefndarállt

um frumvarp til hjúalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Þótt nefndin viðurkenni, að sum ákvæði vinnuhjúatilskipunarinnar sjeu orðin nokkuð á eftir tímanum, eða jafnvel úrelt, þá telur nefndin þó eigi naðsynlegt að setja nú ný hjúalög, því að hún telur að vel megi enn hlíta við hin gömlu lög um þetta efni í flestum atriðum. Stjórnarfrumvarpið viðurkennir og þetta, því að efni vinnuhjúatilskipunarinnar með þeim breytingum, er á henni hafa orðið með fátækralögunum frá 1905, er að miklu tekið upp í það. Auk þessa hefir frumvarpið inni að halda nokkra viðauka og breytingar á hjúalöggjöfnni. Af þessum breytingarákvæðum hefir þótt rjett að taka upp þau, er hjer segir:

Í athugasemdunum við frumvarpið er talið, að mikill vafi leiki á því, hvort tilskipunin geti átt við þau vistarráð, sem nú sjeu orðin tíðust, nefnilega

misserisvistirnar, en svo megi kalla, þótt ekki sje nákvæmt, vistir nm tímabilin frá 14. maí til 1. október og frá síðarnefndum degi til 14. maí. Í frumvarpinu er beint sagt, að ráðning á þennan hátt um styttri tíma skuli koma undir hjúalög. Nefndin fellst á þetta, en telur rjett að gera það ekki að skilyrði, að vistráðningartíminn endi á almennum hjúaskildaga. Þá verður og að gera þær breytingar á hinum eldri lagaákvæðum, sem nauðsynlegar þykja vegna þessara vistráðninga um styttri tíma. Í því sambandi telur nefndin rjett að samþykkja 6. gr. frumvarpsins dálítið breytta. Þá þykir eun rjett, að tími sá, er húsbónda er skylt að ala önn fyrir sjúku hjúi sínu, sje ákveðinn í hlutfalli við vistráðningartímann, eins og gert er í stjórnarfrumvarpinu.

8. gr. stjórnarfrumvarpsins telur nefndin til bóta. Seinustu málsgreininni virðist þó mega sleppa.

5. gr. vinnuhjúatilskipunarinnar er vist orðin alveg þýðingarlaus eða úrelt, og þykir rjett að nema hana úr gildi með beinum orðum.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að gerðar verði á frumvarpinu þessar

BREYTINGAR:

1. 1. grein orðist svo:

Nú vistar maður til sín hjú um skemri tíma en 12 mánaða, og skal þá húsbóndi og hjú hlita ákvæðum tilsk. 26. janúar 1866 og annara lögmæltra fyrir mæla um viðskifti húsbónda og hjús, enda sje vstartíminn ákveðinn 3 mánuðir eða lengur. Guld eru þau vistráð, þótt ekki standi þau til næsta hjúaskildaga á eftir.

2. 2 gr. fellur burtu.

3. 3. gr. fellur burtu.

4. 4. gr. fellur burtu.

5. 5. gr. fellur burtu.

6. Upphaf 6. gr. orðast svo:

Hjú, sem ráðið er skemur en ár, skal, nema öðruvísi sje um samið, sjálfst kosta ferð sína í vistina. Ef hjú kemur ekki o. s. frv.

6. gr. verður 2. gr.

7. 7. gr. fellur burtu.

8. Síðasta málsgrein 8. gr. fellur burtu.

8. gr. verður 3. gr.

9. 9. gr. fellur burtu.

10. 10. gr. fellur burtu.

11. 11. gr. fellur burtu.

12. 12. gr. fellur burtu.

13. 13. gr. fellur burtu.

14. Við bætist ný grein, er verður 4. gr.:

Eigi er húsbónda skylt að ala önn fyrir hjúi, er ráðið var skemri tíma en 12 mánaða, l'ngur en fjórðung vistráðningartímans.

Nú á húsbóndi að greiða matarverð fyrir sjúkt bjú sitt utan heimilis, en sjúkdómur eða slys það, er hjúíð hefir orðið fyrir, er hvorki honum nje hjúínu að kenna, og er honum þá ekki skylt að greiða meira en svarar einu hundraði á landsvisu árlangt.

15. 14. gr. fellur burtu.

16. 15. gr. fellur burtu.

17. 16. gr. fellur burtu.

18. 17. gr. fellur burtu.

19. 18. gr. fellur burtu.

20. 19. gr. fellur burtu.

21. 20. gr. fellur burtu.

22. 21. gr. fellur burtu.

23. 22. gr. verður 5. gr.

24. 23. gr. fellur burtu.

25. 24. gr. fellur burtu.

26. 25. gr. fellur burtu.

27. 26. gr. fellur burtu.

28. 27. gr. fellur burtu.

29. 28. gr. fellur burtu.

30. 29. gr. fellur burtu.

31. 30. gr. fellur burtu.

32. 31. gr. fellur burtu.

33. 32. gr. verður 6. gr. og orðast svo:

5. gr. umræddrar tilskipunar er úr gildi feld; enn fremur öll þau ákvæði hennar og önnur lagafyrirmæli, er koma i bága við þessi lög.

34. Fyrirsögnin verði:

Frumvarp til laga um breyting á tilskipun 26. janúar 1866, um vinnu-bjú á Íslandi m. m.

Alþingi, 26. febrúar 1923.

Jón Magnússon,
form. og framsögum.

Sigurður H. Kvaran.

Guðm. Guðfinnsson,
skrifari.